

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum (kyntar veitur).

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „olíu“ tvívegis í 3. tölul. kemur: eldsneyti.
- b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þegar íbúð er hituð með vatni frá kyntri hitaveitu sem notar grísjunarvið eða annað umhverfisvænt eldsneyti.

#### 2. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, 4. tölul., svohljóðandi: Til kyntra hitaveitna sem tengjast íbúðarhúsnæði sem notið hefur niðurgreiðslna á rafhitun eða olíu.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 12. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „4. tölul.“ í 4. másl. kemur: 5. tölul.
- b. Á eftir 4. másl. kemur nýr másliliður, svohljóðandi: Styrkur á grundvelli 4. tölul. 11. gr. getur numið allt að tólf ára áætluðum mismun á niðurgreiðslum á beinni rafhitun eða olíu og niðurgreiðslum kyntrar hitaveitu.

#### 4. gr.

Í stað orðanna „4. tölul.“ í 4. mgr. 14. gr. laganna kemur: 5. tölul.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. apríl 2013.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir.**  
(L. S.)

**Markús Sigurbjörnsson.**

*Steingrímur J. Sigfússon.*